

Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2021 / 2022
Ábyrgðarmaður:	Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjors

## FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

### Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsroðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

### Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	31. maí 2024
Svið:	
Unnið af:	Birkir Ingibjartsson
Verkefni/tillaga:	Samkeppni um framtíðarnotkun gamla Framsvæðisins
Þjónustupáttur:	Græn svæði / íbúðaruppbygging
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	20.000.000 kr
Annað:	

### Jafnréttisskimun:

<b>Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?</b>
Lagt er til að farið verði í hönnunar-/hugmyndasamkeppni um framtíðarnotkun á gamla íþróttasvæði Fram. Íþróttafélagið Víkingur hefur gert vel í að taka við rekstri íþróttasvæðisins í Safamýri. Nokkur óvissa hefur þó verið uppi um framtíðarnotkun svæðisins á sama tíma og ákall hefur verið innan hverfisins um þar vanti útivistarsvæði. Hugmyndasamkeppni um þróun svæðisins, þar sem íbúðaruppbyggingu og útivistarsvæðum væri fléttað saman, gæti skýrt framtíð svæðisins sem svo væri hægt að vinna í áföngum.
<b>Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.</b>
Nei
<b>Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.</b>
-
<b>Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og/eða annarra hópa sem mannréttindastefnan tiltekur? Rökstyðjið.</b>
Aukin íbúðaruppbygging miðlægt í borginni hefur margþætta kosti sem stuðlar að betra og þéttara borgarumhverfi fyrir alla borgarbúa með aukinni þjónustu í nærumhverfinu. Öflugt grænt útivistarsvæði innan hverfisins gerir börnum og þeim sem eldri eru, eða búa við skerta hreyfigetu, að njóta útivistar í göngufjarlægð við heimili sitt.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillöggunni?<sup>1</sup>

-

---

<sup>1</sup> Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.